

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 1/2021

Kæra Ungmennafélags Íslands á ákvörðun Neytendastofu frá 10. desember 2020.

1. Þann 3. júní 2021 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2020: Kæra Ungmennafélags Íslands á ákvörðun Neytendastofu frá 10. desember 2020. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 8. janúar 2021, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að taka ekki til meðferðar erindi kæranda til Neytendastofu um ætlað brot Landssambands æskulýðsfélaga gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi, dags. 29. október 2020, leitaði kærandi til Neytendastofu þar sem kvartað var yfir notkun Landssambands æskulýðsfélaga á auðkenninu LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA. Fram kemur í gögnum málsins að kærandi hafi sótt um skráningu á umræddu auðkenni sem vörumerki en að Hugverkastofan hefði synjað umsókninni. Sú ákvörðun hafi verið kærð til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

5. Í hinni kærðu ákvörðun er vísað til þess að samkvæmt almennum reglum stjórnsluréttarins skuli sama mál ekki vera til meðferðar hjá tveimur stjórnvöldum á sama tíma. Með vísan til þessa telji Neytendastofa rétt að nýta heimild 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 til að taka erindi kæranda ekki til meðferðar fyrr en úrlausn áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda liggi fyrir. Í ákvörðuninni er vísað til þess að í greinargerð með ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 komi fram að réttur til auðkenna samkvæmt ákvæðinu hvíli á sérlöggjöf, svo sem vörumerkjalögum. Að teknu tilliti til þess, sem og af þeirri ástæðu að sama mál skuli ekki vera til meðferðar hjá tveimur stjórnvöldum á sama tíma, telji Neytendastofa rétt að ákvörðun um rétt samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005 bíði afstöðu áfrýjunarnefndarinnar. Kæranda var leiðbeint um að óskaði félagið eftir því að málið yrði tekið til meðferðar Neytendastofu eftir að áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar hefði kveðið upp úrskurð sinn þyrfti að senda Neytendastofu nýtt erindi þar að lútandi. Þá var kæranda leiðbeint um málskotsheimild til áfrýjunarnefndar neytendamála.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

6. Í kæru, dags. 8. janúar 2021, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Kærandi telur að afstaða Neytendastofu sé ekki byggð á lögmætum grunni. Vísar kærandi til þess að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu sé stofnuninni falið að annast framkvæmd laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Erindi kæranda til Neytendastofu varði ætluð brot Landssambands æskulýðsfélaga á 15. gr. a. laga nr. 57/2005 með notkun sambandsins á auðkenninu LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA. Mál það sem kærandi reki fyrir áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar varði hins vegar skráningarhæfi vörumerkis á grundvelli laga nr. 45/1997 um vörumerki. Við meðferð þess máls komi ákvæði laga nr. 57/2005 ekki til skoðunar og eigi Landssamband íslenskra æskulýðsfélaga ekki aðild að því.
7. Kærandi bendir á að erindi félagsins til Neytendastofu fari ekki saman við það ágreiningsefni sem sé til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar heldur sé erindið mun víðtækara. Mikilvægt sé að kærandi geti fengið úr rétti sínum skorið og að Neytendastofa taki málið til efnislegrar meðferðar. Beri því að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi og leggja fyrir stofnunina að taka málið til efnislegrar meðferðar.
8. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 12. janúar 2021, var Neytendastofu gefinn kostur á að taka afstöðu til kærunnar. Afstaða Neytendastofu til kærunnar kom fram í greinargerð til áfrýjunarnefndarinnar, dags. 10. desember 2020. Þar er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Fram kemur að stofnunin telji að í hinni kærðu ákvörðun hafi ekki falist að því hafi verið hafnað að taka erindi kæranda til efnislegrar meðferðar. Þvert á móti feli ákvörðunin í sér að málið verði ekki tekið til slíkrar meðferðar fyrr en niðurstaða áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar liggi fyrir. Kærandi geti sent Neytendastofu nýtt erindi að þeim tíma liðnum sem þá verði tekið til efnislegrar meðferðar. Fjöldmörg fordæmi séu fyrir slíkri meðferð mála hjá Neytendastofu og byggi sú afstaða m.a. á því að skráning vörumerkja hjá Hugverkastofunni geti t.d. haft áhrif við ákvörðun um það hvort 1. eða 2. málsliður 15. gr. laga a. laga nr. 57/2005 geti átt við í málinu. Þá vísar stofnunin til þeirra sjónarmiða sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun um að sama mál skuli ekki vera til meðferðar hjá tveimur stjórnvöldum á sama tíma.
9. Í greinargerðinni er bent á að samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 ákveði Neytendastofa hvort erindi gefi nægar ástæður til rannsóknar auk þess sem stofnunni sé veitt heimilt til að raða málum í forgangsröð. Með ákvæðinu sé Neytendastofu tryggt vítt svigrúm við mat á því hvort taka beri mál til rannsóknar. Lögð skuli áhersla á mál sem brýnust þyki fyrir heildarhagsmunum neytenda. Það sé mat Neytendastofu að á meðan málið sé til meðferðar hjá öðru stjórnvaldi og endanlegrar úrlausnar vörumerkis sé beðið sé ekki ástæða til að taka málið fram fyrir önnur mál sem bíði meðferðar hjá stofnuninni. Að öðru leyti vísar Neytendastofa til hinnar kærðu ákvörðunar.

10. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 8. febrúar 2021, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Kærandi gerði athugasemdir við greinargerðina með bréfi, dags. 18. febrúar 2021. Þar voru áréttuð fyrri sjónarmið kæranda í málinu og bent á að meðferð málsins hefði dregist verulega fyrir áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar og að því væri mikilvægt fyrir kæranda að Neytendastofa tæki efnislega afstöðu til erindis kæranda sem fyrst.

NIÐURSTAÐA

11. Kæran í máli þessu lýtur að ákvörðun Neytendastofu frá 10. desember 2020 um að taka erindi kæranda, dags. 29. október 2020, ekki til meðferðar fyrr en fyrir liggi úrskurður áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar að því er varðar ákvörðun Hugaverkastofunnar í máli kæranda.
12. Erindi kæranda laut að ætluðu broti Landssambands æskulýðsfélaga gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur sé sérhverjum bannað að nota auðkenni sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.
13. Þegar erindi kæranda barst Neytendastofu höfðu tekið gildi lög nr. 21/2020 sem fólu meðal annars í sér að breytt var ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005. Eftir breytinguna er mælt fyrir um það í ákvæðinu að Neytendastofa ákveði hvort erindi sem berst gefi nægar ástæður til rannsóknar. Þá segir jafnframt, eins og gerði fyrir gildistöku laga nr. 21/2020, að við afgreiðslu mála samkvæmt lögum nr. 57/2005 sé Neytendastofu heimilt að raða málum í forgangsörð.
14. Í hinni kærðu ákvörðun er vísað til framangreindrar heimildar Neytendastofu í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005. Þótt þar hafi í því samhengi verið vísað til þess að umrætt ákvæði fæli í sér „forgangsörðunarheimild“ er ljóst að þá hafði umræddu ákvæði verið breytt þannig að einnig var mælt fyrir um heimild Neytendastofu til að ákveða hvort erindi gæfi nægilegt tilefni til rannsóknar.
15. Í athugasemdum um ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 21/2020 kemur fram að til þess að Neytendastofu sé unnt að sinna því eftirlitshlutverki sem henni sé falið samkvæmt lögnum sé mikilvægt að henni sé gert kleift að taka ákvarðanir um að sinna fyrst og fremst þeim verkefnum sem þykja brýnust. Tilefni rannsóknar geti verið skriflegar kvartanir frá neytendum eða keppinautum fyrirtækja eða ábendingar frá almenningi sem settar séu fram skriflega, munnlega, undir nafni eða nafnlaust. Með ákvæðinu sé Neytendastofu tryggt vítt svigrúm við mat á því hvort taka beri mál til rannsóknar. Beri að skýra ákvæðið í samhengi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. um að áhersla skuli lögð á mál sem brýnust þyki fyrir heildarhagsmuni

neytenda. Í þessu tilliti er einnig til þess að líta að með lögum nr. 21/2020 var 4. gr. laga nr. 57/2005 breytt á þann hátt að eftir breytinguna er kveðið á um að Neytendastofa fari með eftirlit samkvæmt lögnum „einkum í þágu neytenda“. Um þessa breytingu segir meðal annars í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 21/2020 að af „ákvæðinu leiðir að Neytendastofa á ekki að láta sig varða mál sem snerta neytendur með takmörkuðum hætti eins og til dæmis viðbótarvernd auðkenna, ólögmætar eftirlíkingar eða ólögmæta öflun eða hagnýtingu atvinnuleyndarmála“.

16. Af framangreindu leiðir að eftir gildistöku laga nr. 21/2020 er ekki aðeins mælt fyrir um heimild Neytendastofu til að raða málum í forgangsröð heldur hefur löggjafinn nú kveðið skýrar á um það en áður að stofnuninni sé veitt svigrúm til þess að ákveða hvort taka skuli mál til rannsóknar og þá einkum með hliðsjón af því hversu brýnt erindi er fyrir neytendur almennt. Þótt ákvarðanir Neytendastofu um að neita að taka mál til rannsóknar kunni að sæta kæru til áfrýjunarnefndar neytendamála er endurskoðun nefndarinnar í slíkum tilvikum háð því að löggjafinn hefur mælt fyrir um að svigrúm Neytendastofu til að taka ákvörðun um að hefja rannsókn máls sé vítt. Þá hefur nefndin til hliðsjónar að skilja verður framangreind ummæli í frumvarpi til laga nr. 21/2020 sem svo að löggjafinn telji að yfirleitt teljist það ekki brýnt fyrir hagsmuni neytenda að mál sem varða ágreining lögaðila á milli um viðbótarvernd auðkenna séu tekin til meðferðar Neytendastofu.
17. Áfrýjunarnefndin telur að skilja beri hina kærðu ákvörðun sem svo að það sé mat Neytendastofu að ekki sé að svo stöddu brýnt að stofnunin taki mál kæranda til rannsóknar. Í ljósi þess víða svigrúms sem Neytendastofa hefur til mats á því hvort hefja skuli rannsókn máls telur áfrýjunarnefndin að þau atriði sem kærandi hefur fært fram í kæru séu ekki svo alvarleg að leiða skuli til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar. Með vísan til þessa verður hin kærða ákvörðun staðfest. Áfrýjunarnefndin áréttar á hinn bóginn að samkvæmt hinni kærðu ákvörðun kann mat Neytendastofu á mikilvægi erindi kæranda að breytast að gengnum úrskurði áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson